

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 1/2017

Kæra Toyota á Íslandi ehf. á ákvörðun Neytendastofu frá 15. desember 2016.

1. Þann 21. desember 2017 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 1/2017: Kæra Toyota á Íslandi ehf. á ákvörðun Neytendastofu frá 15. desember 2016. Í málinu úrskurða Eiríkur Jónsson, Áslaug Árnadóttir og Gunnar Páll Baldvinsson.
2. Með kæru, dags. 16. janúar 2017, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu frá 15. desember 2016, um að Toyota Flex samningar kæranda teljist neytendalán í skilningi laga um neytendalán nr. 33/2013 og því beri kæranda að fara að ákvæðum laganna og haga upplýsingagjöf fyrir og við gerð samninga, sem og við auglýsingar og aðrar kynningar, eftir þeim kröfum sem þar koma fram. Með vísan til 3. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2013 beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til kæranda að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að skilyrði laganna séu uppfyllt. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2013.

MÁLAVEXTIR

4. Kærandi býður upp á þjónustu er nefnist Toyota Flex og heldur í því skyni m.a. úti reiknivél á vefsíðunni flex.toyota.is. Þann 12. apríl 2016 sendi Neytendastofa kæranda bréf þar sem fram kemur að framangreind þjónusta virðist fela í sér neytendalán í skilningi laga nr. 33/2013, enda sé neytendum boðinn samningur um frestun greiðslu kaupverðs nýrra bifreiða og greiddir séu vextir af samningnum. Jafnframt kemur fram að Neytendastofa telji að á vefsíðu kæranda séu ekki veittar allar viðeigandi upplýsingar, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 33/2013. Var óskað eftir skýringum eða athugasemdum kæranda vegna þessa auk afrits af lánessamningi.
5. Svar kæranda er dagsett 8. maí 2016. Þar segir að kærandi líti ekki svo á að Toyota Flex feli í sér hefðbundið neytendalán í skilningi laga nr. 33/2013, heldur sé um að ræða afnotasamning vegna bifreiðar í tiltekinn tíma gegn fyrirfram ákveðnu gjaldi. Við lok samningstímans hafi viðsemjandi kæranda svo val um það hvort hann kaupi bifreiðina, skili henni eða geri nýjan Toyota Flex samning. Telji kærandi því að hvorki sé um að ræða hefðbundið lán á fjármunum né eignaleigusamning. Þá kemur fram að þrátt fyrir þetta hafi kærandi leitast við að hafa upplýsingar um Toyota Flex sem aðgengilegastar og skýrastar, með það að leiðarljósi að neytendur geti borið þennan valkost saman við aðra kosti sem í boði eru. Kærandi telji það ekki til einföldunar fyrir neytendur að birta allar þær upplýsingar sem fjallað er um í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 33/2013. Í kynningarefni séu upplýsingar um allar greiðslur viðsemjanda á samningstímanum ásamt

upplýsingum um „tryggt framtíðarvirði“, sem sé það verð sem kærandi skilgreinir sem lágmarksvirði bifreiðarinnar við lok samningstíma. Þá séu jafnframt gefnar upplýsingar um kaupverð bifreiðarinnar á hverjum tíma. Hafi viðsemjandi því nákvæmar upplýsingar um allan kostnað sinn af samningnum, strax við samningsgerðina. Fylgdi bréfinu dæmi um Toyota Flex samning.

6. Í bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 4. október 2016, kemur fram að stofnunin telji að við mat á því hvort um neytendalán í skilningi laga nr. 33/2013 sé að ræða eigi að líta til samningsforms og efnisákvæða samningsins, en yfirskrift samnings hafi takmörkuð áhrif við það mat. Þessu til stuðnings vísar Neytendastofa til ákvæða 1. gr. og j-liðs 1. mgr. 5. gr. laga nr. 33/2013. Jafnframt segir í bréfinu að samkvæmt samningi um Toyota Flex séu bæði leigutaki og leigusali skráðir umráðamenn bifreiðar í ökutækjaskrá Umferðarstofu, leigutaki beri allan kostnað af viðhaldi ökutækis og búnaði þess, utan galla, auk þess sem leigutaki greiði alla skatta og gjöld sem lögð eru á leiguna, samninginn eða ökutækið, og standi straum af greiðslu iðgjalda af váttryggingum bifreiðarinnar. Þetta bendi til þess að um eignaleigusamning sé að ræða en ekki samning um afnot. Þá vísar Neytendastofa til ákvæðis d-liðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 33/2013 þar sem fram komi að þó leigusamningar séu undanþegnir ákvæðum laganna séu eignaleigusamningar það ekki.
7. Þá segir í bréfi Neytendastofu að samkvæmt framlögðum samningi sé 12% útborgun bifreiðarinnar 387.000 kr. og verðlistaverð bifreiðarinnar því 3.230.000 kr. Samkvæmt samningi sé mánaðarleg afborgun til 36 mánaða 63.500 kr. og hafi neytandi því greitt samtals 2.637.600 kr. við lok samningstímans. Tryggt framtíðarvirði bifreiðarinnar sé samkvæmt samningnum 1.689.740 kr., sem komi til greiðslu kjósi neytandi að eignast bifreiðina að samningstíma liðnum. Því greiði neytandi sem kýs að eignast bifreiðina 4.363.340 kr. fyrir hana, eða 1.133.340 kr. hærra verð en staðgreiðsluverð bifreiðarinnar. Telji Neytendastofa því að samningurinn feli að þessu leyti í sér aukinn kostnað fyrir neytanda borið saman við staðgreiðsluverð bifreiðarinnar og því geti undanþága b-liðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 33/2013 ekki átt við um samninginn, en þar sé kveðið á um að lánessamningar sem fela í sér endurgreiðslu án vaxta og kostnaðar séu undanþegnir lögnum. Einnig kemur fram að Neytendastofa telji aðrar undanþágur laganna heldur ekki eiga við. Var kæranda boðið að koma að frekari sjónarmiðum eða athugasemdum vegna málsins.
8. Svar kæranda er dagsett 3. nóvember 2016. Þar kemur fram að kærandi telji Toyota flex samningana bílaleigusamninga, gagnkvæma samninga sem kveði á skýran og ótvíræðan hátt á um réttindi og skyldur beggja aðila. Afnotahafinn sé ekki eigandi hins leigða ökutækis heldur umráðamaður þess, en þeim umráðum fylgi margháttadar skyldur og réttindi. Segir í bréfinu að samningarnir hafi ekki verið gerðir til að sniðganga lög um neytendalán, heldur hafi við gerð þeirra verið horft til sams konar samninga sem gerðir hafi verið í löndum Evrópusambandsins, m.a. á Írlandi og Spáni, af fyrirtækjum sem eiga viðskipti með Toyota bifreiðar. Í þessum löndum hafi samningarnir ekki verið taldir fela í sér sniðgöngu á reglum Evrópuréttar um neytendavernd lántakenda neytendalána. Bendir kærandi á að reglur Evrópuréttar um neytendavernd lántakenda neytendalána séu hinar sömu og þær sem eru að finna í lögum um neytendalán nr. 33/2013.

9. Þá bendir kærandi á að neytandi sé fyrst og fremst skráður umráðamaður ökutækis vegna þess að hann hafi ýmsar skyldur, meðal annars samkvæmt umferðarlögum, og sé umráðamaður ávallt skráður þegar um langtímaleigu sé að ræða. Þá bendir kærandi á að samkvæmt íslenskum rétti hafi aðilar frelsi til samninga og það sé almenn regla í leigurétti að leigutaki sjái um allt viðhald hins leigða sem leiðir af notkun þess. Auk þess þurfi leigutaki almennt að sjá um váttryggingar sem tengjast beint afnotum hans af hinu leigða. Það að leigutaki greiði fyrir viðhald og kaupum váttryggingu breyti viðkomandi afnotasamningi ekki í lánasamning.
10. Loks segir í bréfinu að fyrir kæranda vaki það eitt með Toyota flex samningum að gera sem flestum kleift, án stórfelldra fjárútláta, að aka bifreiðum sem séu í lagi og lúti ákveðnu eftirliti, sem eigi að tryggja að bifreiðarnar séu ávallt í sem bestu ásigkomulagi. Telur kærandi að í því felist raunveruleg neytendavernd. Því leiti kærandi leiðsagnar um það hvernig kynna eigi þessa afnotasamninga fyrir neytendum svo enginn velkist í vafa um rétt sinn og skyldur og hvað það kosti í raun að leigja bifreið en ekki eiga hana.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

11. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 15. desember 2016, var kæranda tilkynnt um hina kærðu ákvörðun. Í bréfinu kemur fram að vegna athugasemda kæranda vilji Neytendastofa benda á að gildissvið laga um neytendalán sé víðtækara en gildissvið tilskipunar 2008/48/EB að því er varðar leigusamninga. Þannig gildi tilskipunin ekki um leigu- eða kaupleigusamninga þar sem ekki er gert að skyldu að kaupa þann hlut sem samið er um. Lög um neytendalán nr. 33/2013 gildi hins vegar um eignaleigusamninga um lausafé og fasteignir, óháð því hvernig fari um skil hins leigða við lok samnings. Þá segir í bréfinu að í hefðbundnum leigusamningum, þ.m.t. langtímaleigusamningum sem ýmsar bílaleigur bjóða neytendum, sé bílaleiga skráð bæði eigandi og umráðamaður bifreiðarinnar og inni í mánaðarlegri afborgun séu bæði bifreiðagjöld og tryggingar. Telur Neytendastofa skýringar kæranda hvað þessi atriði varðar ekki leiða til þess að um sé að ræða afnotasamning sem falli utan gildissviðs laga nr. 33/2013.
12. Segir í bréfinu að það sé mat Neytendastofu að um neytendalán sé að ræða, sbr. ákvæði laga nr. 33/2013. Beri kæranda að fara að ákvæðum laganna og haga upplýsingagjöf fyrir og við gerð samninga, sem og við auglýsingar og aðrar kynningar, eftir þeim kröfum sem þar koma fram. Með vísan til 3. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2013 beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til kæranda að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að skilyrði laganna séu uppfyllt.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

13. Í kæru, dags. 16. janúar 2017, er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
14. Kærandi byggir á því að Toyota flex samningar falli ekki undir lög um neytendalán nr. 33/2013. Telur hann að eftirfarandi atriði vegi þyngst við mat á því hvort Toyota flex samningar eigi undir lögin eða ekki. Í fyrsta lagi séu samningarnir um afnot bifreiða um fyrirfram ákveðinn tíma gegn fyrirfram ákveðnu gjaldi. Í öðru lagi sé um að ræða gagnkvæma samninga sem kveði á skýran hátt á um réttindi og skyldur beggja aðila. Í þriðja lagi sé viðsejandi kæranda frá upphafi

samningssambands með allar upplýsingar um kostnað sinn af samningi ásamt upplýsingum um virði ökutækisins í lok samningstíma. Í fjórða lagi beri Toyota flex samningar enga vexti og séu ekki verðtryggðir. Í fimmta lagi sé viðsemjandi kæranda ekki eigandi viðkomandi ökutækis á samningstímanum, heldur einungis skráður umráðamaður ásamt leigusala. Loks hafi viðsemjandi kæranda val um það að kaupa bifreiðina, skila henni eða gera nýjan Toyota flex samning. Þá sé ávallt unnt að ganga úr samningssambandinu án nokkurra viðurlaga.

15. Bendir kærandi á að umráðamaður ökutækis sé fyrst og fremst skráður vegna þess að hann hafi ýmsar skyldur, sbr. t.d. 58. og 59. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Því telur kærandi að ekki verði komist hjá því að skrá opinberlega hver umráðamaður ökutækis sé ef hann er annar en eigandinn. Vekur kærandi athygli á því að neytandi sé ekki skráður eigandi ökutækis.
16. Þá bendir kærandi á að það að leigutaki greiði fyrir viðhald bifreiðar og kaupi váttryggingar fyrir bifreið sem hann hefur langtíma afnot af breyti ekki afnotasamningi í lánsamning, enda sé það almenn regla í leigurétti að leigutaki sjái um allt almennt viðhald hins leigða sem leiði af daglegri notkun þess. Þá þurfi leigutaki almennt að sjá um váttryggingar sem tengjast beint afnotum hans af hinu leigða en skylt sé að hafa öll ökutæki váttryggð og sé eðlilegt að umráðamaður ökutækis kaupi þá lögboðnu tryggingu sem þurfi til að vernda þriðja mann, enda hagsmunir hans líka í húfi. Þá telur kærandi að það megi almennt reikna með því að það sé hagkvæmara fyrir neytanda að stýra sjálfur ferðinni er hann tryggir bifreið sem hann hefur til langtíma umráða, þannig að hann geti sjálfur samið um þau iðgjöld sem hann þarf að greiða.
17. Kærandi bendir á að við gerð samninganna hafi verið horft til sams konar samninga sem gerðir hafi verið í löndum Evrópusambandsins, m.a. á Írlandi og Spáni, af fyrirtækjum sem eiga viðskipti með Toyota bifreiðar. Í þessum löndum hafi samningarnir ekki verið taldir fela í sér sniðgöngu á reglum Evrópuréttar um neytendavernd lántakenda neytendalána og hafi kærandi talið ákjósanlegt að miða við framkvæmd í löndum Evrópusambandsins vegna þess að reglur Evrópuréttar um neytendavernd lántakenda neytendalána séu að meginstefnu þær sömu og eru að finna í lögum um neytendalán.
18. Einnig bendir kærandi á þá grundvallarreglu að aðilar hafi samningsfrelsi sem stjórnvöld geti sett takmarkaðar skorður. Aðilar samnings hafi frelsi til að ákveða form og efni samninga sinna, réttindi þeirra og skyldur. Beri að túlka þröngt öll lög sem setji samningsfrelsinu skorður.
19. Segir í kæru að kærandi hafi leitast við að hafa upplýsingar um Toyota flex fyrirkomulagið sem aðgengilegastar og skýrastar, með það að leiðarljósi að neytendur geti borið þennan valkost saman við aðra kosti sem í boði eru. Vegna þess vals sem viðsemjandi kæranda hafi við lok samningstíma myndi birting allra þeirra upplýsinga sem getið er um í 2. mgr. 6. gr. laga um neytendalán fremur leiða til þess að kynningarefni og auglýsingar yrðu flóknar og óskýrar.
20. Með tölvubréfi, dags. 16. janúar 2017, óskaði áfrýjunarnefndin eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Í greinargerð Neytendastofu, dags. 26. janúar 2017, er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

21. Neytendastofa bendir á að ekkert þeirra atriða sem kærandi dragi fram í erindi sínu leiði til þess að undanþágur 3. gr. laga nr. 33/2013 eigi við. Þá gerir Neytendastofa athugasemd við þá fullyrðingu kæranda að allar upplýsingar um kostnað liggi fyrir, því þó að neytandi fái viðeigandi upplýsingar um staðgreiðsluverð viðkomandi bifreiðar, mánaðarlega greiðslu og tryggt framtíðarvirði séu engar upplýsingar veittar um kostnað tengdan samningnum eða árlega hlutfallstölu kostnaðar. Telur Neytendastofa að þrátt fyrir að samningurinn beri ekki eiginlega vexti feli hann í sér kostnað fyrir neytendur sem greiði, samkvæmt þeim samningi sem liggi fyrir í málinu, 1.133.340 kr. fyrir bifreiðina umfram staðgreiðsluverð hennar, sem sé 3.230.000 kr. Segir í bréfi Neytendastofu að af hálfu kæranda hafi engin rök verið færð fyrir af hverju þessi munur stafi eða hvers vegna skuli ekki litið svo á að um kostnað sé að ræða. Þá bendir Neytendastofa á að það hafi ekki þýðingu um niðurstöðu málsins að samningarnir séu ekki verðtryggðir.
22. Neytendastofa leggur á það áherslu að eignaleigusamningar, svo sem kaup-, fjármögnunar- og rekstrarleigusamningar, falli undir gildissvið laga um neytendalán, óháð því hvernig fari um hið leigða að samningstíma liðnum. Hafi gildissvið laganna verið útvíkkað frá gildissviði tilskipunar 2008/48/EB að þessu leyti. Því geti tilvísun til sambærilegra samninga í öðrum ríkjum ekki leitt til þeirrar sjálfkrafa niðurstöðu að umrædd tegund samninga teljist ekki neytendalán í skilningi laga nr. 33/2013. Þá bendir stofnunin á að við mat á því hvort um eignaleigusamninga sé að ræða skuli litið til eiginleika samningsins en ekki heitis eða orðavals að öðru leyti.
23. Þá kemur fram að Neytendastofa geti ekki fallist á að með ákvörðun stofnunarinnar sé samningsfrelsi kæranda settar skorður, heldur sé eingöngu farið fram á að upplýsingagjöf í tengslum við samninga Toyota flex verði aukin til samræmis við skilyrði laga nr. 33/2013.
24. Neytendastofa mótmælir harðlega staðhæfingum kæranda um að birting upplýsinga í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 33/2013 myndi leiða til þess að kynningarefni og auglýsingar yrðu flóknari og óskýrari. Bendir stofnunin á að tilgangur ákvæðisins sé að sjá til þess að neytendum séu veittar fullnægjandi upplýsingar svo að þeir geti annars vegar borið saman ólíka kosti, annað hvort frá sama lánveitanda eða ólíkum lánveitendum, og hins vegar áttað sig á þeim kostnaði sem samningnum fylgi. Jafnframt bendir Neytendastofa á að í 6. gr. laganna sé ekki gerð krafa um að þær upplýsingar sem tiltaldar eru í 2. mgr. 6. gr. séu veittar í öllum auglýsingum og kynningarefni, heldur aðeins þar sem neytandi er upplýstur um vexti eða kostnað hans af láninu.
25. Með bréfi, dags. 2. febrúar 2017, var kæranda gefinn kostur á að taka afstöðu til greinargerðar Neytendastofu. Svar barst með bréfi, dags. 15. febrúar 2017. Þar bendir kærandi á að þvert á það sem Neytendastofa virðist telja sé ekki um að ræða neina fasta kostnaðarliði í Toyota flex fyrirkomulaginu. Viðskiptavinur kæranda greiði við upphaf samningssambands tiltekna fjárhæð vegna fyrirfram greiddrar leigu, sem nemi aldrei lægri tölu en 10% af verðmæti bifreiðar. Í kjölfarið greiði leigutakinn fasta mánaðarlega greiðslu sem haldist út leigutímann. Við lok samningstímans geti leigutaki síðan ákveðið að kaupa bifreiðina á fyrirfram ákveðnu verði sem kallað sé „tryggt framtíðarvirði“. Taki tryggt framtíðarvirði engum breytingum á samningstímanum. Því sé leigutaka frá upphafi ljóst hver hans mánaðarlega afborgun verði og hvert verðið við lok samningstíma verði ef hann hyggst eignast bifreiðina. Ítrekar kærandi að viðskiptavinir kæranda hafi val um það hvort

þeir kjósi að kaupa bifreiðina við lok samningstíma og hafnar því að verið sé að reyna að villa um fyrir neytendum eða að um ósanngjarna eða óeðlilega skilmála sé að ræða.

26. Kærandi mótmælir því að um kaup-, fjármögnunar- eða rekstrarleigusamning sé að ræða sem falli undir gildissvið laga nr. 33/2013. Telur kærandi mögulegt að Neytendastofa átti sig ekki að fullu á því hvernig Toyota flex fyrirkomulagið gangi fyrir sig og setur fram dæmi um viðskiptavin sem óskað hafi eftir að skila bifreið og losna undan samningssambandi á samningstímanum og hafi fengið að gera það. Telur kærandi þetta sýna að Toyota flex feli ekki í sér lán, eignaleigu eða annað lánsfyrirkomulag sem fellur undir lög nr. 33/2013.
27. Loks ítrekar kærandi að eins og fyrirkomulagi Toyota flex sé háttað sé hann í raun leigusali en ekki lánveitandi, enda sé um leigu að ræða. Liggi allar upplýsingar um kostnað ljósar fyrir, leiguverð sé fast út lánstímann og við lok samningstíma ýmist skili viðkomandi leigutaki bifreiðinni og sé laus allra mála eða kaupi bifreiðina á verði sem liggi fyrir frá upphafi.

NIÐURSTAÐA

28. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á þeirri ákvörðun Neytendastofu að Toyota flex samningar séu neytendalán í skilningi laga um neytendalán nr. 33/2013 og að kæranda beri að gera viðeigandi ráðstafanir til að uppfylla skilyrði laganna. Í upphafi skal tekið fram að kærandi er Toyota á Íslandi ehf. en leigusali samkvæmt þeim samningsdrögum sem fyrir liggja í málinu er Létt-Flotastjórnun ehf. Þar sem aðild málsins er óumdeild, jafnt fyrir Neytendastofu sem og á kærustigi, kemur hún ekki til frekari skoðunar hér.
29. Svo sem fram hefur komið býður kærandi viðskiptavininum sínum að gera svokallaða Toyota flex samninga, en í þeim felst að viðskiptavinur velur sér Toyota bifreið og ákveður hvað hann vill greiða mikið inn á Toyota flex samninginn. Lágmarksinnborgun er 10% af verðlistaverði bílsins, en hámarksinnborgun er 30% af verðlistaverði bílsins. Þegar innborgun hefur verið ákveðin skilgreinir söluaðili „tryggt framtíðarvirði“ bifreiðarinnar, en það er lágmarksverðmæti bifreiðarinnar við lok samningstímabilsins, að því gefnu að bifreiðin sé í góðu ásigkomulagi og hafi ekki verið ekið umfram 20.000 kílómetra á ári. Mánaðarlegar greiðslur eru reiknaðar út frá eftirstöðvunum; verði bifreiðarinnar að frádreginni innborgun og tryggðu framtíðarvirði, auk vaxtakostnaðar af tryggðu framtíðarvirði. Samkvæmt upplýsingabæklingi kæranda getur viðskiptavinur við lok samningstíma greitt tryggt framtíðarvirði og átt bílinn áfram, skilað bifreiðinni til söluaðila eða endurnýjað, þ.e. sett bílinn upp í nýjan Toyota flex samning. Ef síðastnefnda leiðin er valin er munurinn á tryggðu framtíðarvirði og uppítökuvirði bifreiðarinnar notaður sem innborgun á nýjan samning.
30. Af 1. gr. samningsdraganna, sem liggja fyrir í málinu, má ráða að bæði leigusali og leigutaki séu skráðir umráðamenn bifreiðarinnar í ökutækjaskrá á gildistíma samningsins. Þó er tekið fram í samningsdrögunum að skráningin heimili leigusala ekki afnot af ökutækinu á leigutímanum, nema með þeim hætti sem kveðið sé á um í samningnum. Þá kemur fram í 3. gr. samningsdraganna að leigutaka sé skylt að gæta þess að ökutæki sé ávallt haldið í góðu ástandi, m.a. með reglubundnu smur- og þjónustuefirliti og ber leigutaki sjálfur allan kostnað af þjónustu við ökutækið. Einnig er

leigutaka skylt að mæta í allar þjónustuskoðanir sem mælt er fyrir um af kæranda í þjónustubók ökutækis og leigusali mælir sérstaklega fyrir um við gerð samningsins. Er það skilyrði að viðurkenndur þjónustuaðili Toyota annist þjónustu við ökutækið á gildistíma samningsins. Einnig er kveðið á um að leigutaki annist allan kostnað af viðhaldi ökutækisins og búnaði þess, nema vegna galla sem kunna að koma í ljós.

31. Í 4. gr. samningsdraganna er jafnframt kveðið á um að leigutaki skuli greiða mánaðarlega fyrirfram leigu fyrir ökutækið. Inniheldur hin mánaðarlega greiðsla, sem er föst tala, virðisaukaskatt. Auk leigu skal leigutaki greiða innheimtukostnað leigusala, alla skatta og gjöld sem lögð eru eða kunna að vera lögð á leiguna, samninginn eða ökutækið, allar sektir sem á ökutækið og skráðan eiganda þess kunna að falla og rekja má til notkunar þess og 10 kr. auk virðisaukaskatts á hvern ekinn kílómetra umfram 20.000 km á ári.
32. Í 6. gr. samningsdraganna kemur fram að leigutaki beri alla áhættu af ökutækinu frá og með móttöku þess. Í ákvæðinu kemur einnig fram að reynist ökutækið gallað fari um rétt leigutaka og skyldu leigusala samkvæmt skilmálum framleiðanda þess eða umboðsaðila við kaup á því. Sé engum slíkum skilmálum til að dreifa gildi reglur laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. Þá er jafnframt kveðið á um það að skili leigutaki ekki ökutækinu við lok leigutíma sé heimilt að taka ökutækið úr vörslum hans án atbeina sýslumanns. Segir í greininni að leigutaki beri ábyrgð á því að bifreiðinni sé skilað í ásættanlegu ástandi í samræmi við skilafyrirkomulag kæranda. Geti leigutaki látið gera við skemmdir en bifreiðin verði þó ávallt ástandsskoðuð við skil til kæranda. Loks segir í 6. gr. að við afhendingu sé í ökutækinu ökuriti í eigu leigusala og sé leigusala heimilt að nota ökuritan til flotastýringar á meðan á leigutíma stendur. Einu upplýsingarnar sem leigusali hafi aðgang að séu fjöldi ekinna kílómetra. Segir að ökuritinn sé beintengdur við ræsibúnað bifreiðarinnar og verði einhver af riftunarástæðum 11. gr. virkar sé leigusala heimilt að virkja afræsibúnaðinn sem veldur því að leigutaki getur ekki gangsett bifreiðina.
33. Í 8. gr. samningsdraganna er kveðið á um að leigutaki beri ábyrgð á og skuli bæta leigusala allt tjón sem kann að verða á ökutækinu þar til því hefur verið skilað til leigusala eða það keypt. Segir að skylda leigutaka til greiðslu leigu eða annarra krafna samkvæmt samningnum falli ekki niður þótt notkun ökutækisins stöðvist vegna tjóns eða bilunar á því. Ef unnt er að gera við ökutækið að mati leigusala skal leigutaki þegar í stað láta gera við það hjá þjónustuaðila sem leigusali ákveður. Ef viðgerð er útilokuð að mati leigusala eða hafi ökutæki eyðilagst er leigutaka skylt að bæta leigusala tjón hans að fullu. Er mælt fyrir um að váttryggingabætur vegna tjóns á ökutækinu renni til leigusala og lækki krafa leigusala á hendur leigutaka sem þeim nemur. Segir jafnframt að við mat á tjóni skuli miða við verðmæti sambærilegra ökutækja í eðlilegu ástandi, eins og það er skráð hjá Bílgreinasambandinu og/eða váttryggingafélagi.
34. Í 9. gr. samningsdraganna er kveðið á um að ökutækið skuli váttryggt lögboðinni ökutækjatryggingu, framrúðutryggingu og kaskótryggingu á meðan samningurinn er í gildi. Leigutaki skal kaupa framangreindar tryggingar og er heimilt að kaupa frekari tryggingar. Ber leigutaka að tryggja ökutækið hjá Verði á meðan á leigutíma stendur. Leigutaki ábyrgist sjálfsáhættu samkvæmt váttryggingaskilmálum og ber ábyrgð á því tjóni sem af notkun ökutækisins hlýst beint eða óbeint.

35. Kveðið er á um riftun samningsins í 11. gr. samningsdraganna, en í 1. gr. er tekið fram að samningurinn sé tímabundinn og óuppsegjanlegur nema riftunarástæður hans eigi við. Í 11. gr. segir að leigusala sé heimilt að rifta samningnum með skriflegri tilkynningu við nánar tilgreindar aðstæður. Í 12. gr. er kveðið á um uppgjör við riftun. Segir þar að við riftun samningsins beri leigutaka að standa leigusala skil á öllum greiðslum sem eru fallnar í gjalddaga, skaðabótum vegna beins eða óbeins tjóns leigusala vegna riftunar, allt tjón sem orðið hefur á hinu leigða eða hið leigða hefur valdið, allan kostnað sem leigusali verður fyrir vegna riftunar samningsins og vexti eða dráttarvexti af kröfum sem tengjast uppgjöri vegna riftunar.
36. Í 1. gr. laga um neytendalán nr. 33/2013 er gildissvið laganna skilgreint, en þar segir að lögin taki til lánsamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur. Í 3. gr. laganna er svo kveðið á um undanþágur frá lögnum. Í d-lið 1. mgr. segir að leigusamningar séu undanþegnir lögnum, en lögin gildi þó um eignaleigusamninga um lausafé og fasteignir. Ekki er skilgreint í lögnum hvað átt er við með eignaleigusamningum, en af athugasemdum við d-lið 1. mgr. 3. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 33/2013 má ráða að með eignaleigusamningum um lausafé og fasteignir sé einkum átt við kaup-, fjármögnunar- og rekstrarleigusamninga. Eru slíkir samningar þannig nefndir sem dæmi um eignaleigusamninga í athugasemdunum. Þar segir einnig m.a. að hugtakið eignaleiga komi víða fyrir í íslenskri löggjöf og er vísað sérstaklega til þess að í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sé eignaleiga skilgreind sem leigustarfsemi með lausafé eða fasteignir þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma. Valin sé sú leið að ákvæðið nái til eignaleigusamninga einstaklinga um lausafé, óháð því hvernig fer um skil hins leigða við lok samnings. Þetta helgist m.a. af því að þörf neytanda fyrir upplýsingar við gerð slíkra samninga um greiðslubyrði, árlega hlutfallstölu kostnaðar o.fl. teljist nánast hin sama eins og þegar almenn lán eiga í hlut og gildi þá einu hvort neytandi hafi rétt eða skyldu til að kaupa hið leigða við samningslok. Loks segir í athugasemdunum að vert sé að taka fram að undir eignaleigu í skilningi frumvarpsins falli ekki hefðbundin skammtímaleiga á bílaleigubíl.
37. Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar vegna framangreinds frumvarps segir m.a. að í d-lið 1. mgr. 3. gr. sé gert ráð fyrir að undir gildissvið frumvarpsins falli svonefndir eignaleigusamningar óháð því hvernig fari um skil hins leigða við lok samnings. Með eignaleigusamningi sé átt við það þegar neytandi geri samning um notkun á lausafé í nokkuð langan tíma, iðulega talinn í árum. Í athugasemdum við 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002, sem lögskýringargögn með lögum nr. 33/2013 vísa samkvæmt framangreindu til, segir m.a.: „Úr skilgreiningu á eignaleigu er fellt brott ákvæði um skilmála um eignar- og afnotarétt að lágmarksleigutíma liðnum þar sem í sumum formum eignaleigu skal skila hinu leigða skilyrðislaust í lok leigutíma. Eignaleigu er gjarnan skipt í þrennt: fjármögnunarleigu, kaupleigu og rekstrarleigu. Í fjármögnunarleigu helst eignarréttur hjá leigusala. Í kaupleigu er leigutaka veittur réttur til að eignast hið leigða í lok leigutíma. Rekstrarleiga er eignaleiga sem hvorki telst til fjármögnunarleigu eða kaupleigu.“
38. Samkvæmt framangreindu virðist ljóst að löggjafinn ætlaði lögum um neytendalán nr. 33/2013 að gilda um samninga þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma, án tillits til þess hvort neytandi hefur rétt eða skyldu til að kaupa hið leigða við

samningslok og er lögð áhersla á það í lögskýringargögnum að mikilvægt sé fyrir neytendur að fá fullnægjandi upplýsingar við gerð slíkra samninga.

39. Hér er deilt um samning þar sem leigutaki fær afnot af bifreið gegn því að greiða í upphafi 10%-30% af verðlistaverði bifreiðar og svo ákveðna fjárhæð mánaðarlega í 2-3 ár, en síðastnefnda fjárhæðin er reiknuð út frá eftirstöðvunum auk vaxtakostnaðar af svonefndu tryggðu framtíðarvirði. Við lok umsamins samningstíma hefur leigutaki rétt til að ákveða hvort hann vill eignast bifreiðina með því að greiða leigusala hið tryggða framtíðarvirði, sem er fyrirfram ákveðin fjárhæð, skila bifreiðinni til söluaðila eða setja bifreiðina upp í nýjan samning. Samkvæmt framansögðu er um að ræða samninga þar sem leigusali leigir leigutaka bifreið gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn leigutíma. Þá þarf leigutaki sjálfur að greiða fyrir lögbundnar vátryggingar og opinber gjöld af bifreiðinni auk alls kostnaðar af viðhaldi ökutækisins og búnaði þess, sem er ólíkt því sem almennt gerist um skammtímaleigu á bílaleigubíl. Af því sem að framan hefur verið rakið verður að telja ótvírætt að umræddir samningar teljist til eignaleigusamninga um lausafé í skilningi laga um neytendalán nr. 33/2013, sbr. d-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 33/2013, og því gildi lögin um þá, enda verður ekki séð að undanþága b-liðar 1. mgr. 3. gr. eða aðrar undanþágur laganna eigi við. Vegna tilvísana kæranda til samninga í löndum Evrópusambandsins skal tekið fram að gildissvið laga nr. 33/2013 er víðtækara að þessu leyti en tilskipunar 2008/48/EB. Af sömu ástæðu getur ekki breytt niðurstöðunni þótt samningssambandið hafi ýmis einkenni leigu, enda hefur löggjafinn skýrlega ákveðið að lög nr. 33/2013 gildi um eignaleigusamninga, ólíkt því sem á við um leigusamninga almennt. Þá skal tekið fram að tilvísanir kæranda til þess að ávallt sé unnt að ganga úr samningssambandinu án nokkurra viðurlaga fær ekki stoð í þeim samningsdrögum sem fyrir liggja, sbr. það sem að framan er rakið um efni þeirra. Auk þess verður ekki fallist á að með hinni kærðu ákvörðun sé samningsfrelsi kæranda settar skorður heldur er eingöngu farið fram á að upplýsingagjöf í tengslum við samningana verði til samræmis við skilyrði laga nr. 33/2013.
40. Samkvæmt framansögðu gilda lög um neytendalán nr. 33/2013 um umrædda samninga. Ber kæranda því að fara að ákvæðum laganna og haga upplýsingagjöf fyrir og við gerð samninganna, sem og við auglýsingar og aðrar kynningar, eftir þeim kröfum sem þar koma fram. Verður hin kærða ákvörðun því staðfest.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Eiríkur Jónsson

Áslaug Árnadóttir

Gunnar Páll Baldvinsson